

AUGLÝSING

um mörk kjördæma í Reykjavík fyrir alþingiskosningar 12. maí 2007.

Landskjörstjórn hefur ákveðið með vísan til 1. mgr. 7. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, sbr. og 5.–6. tölul. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, að mörk Reykjavíkurkjördæma suður og norður verði eftirfarandi fyrir alþingiskosningar 12. maí 2007:

Mörk Reykjavíkurkjördæma suður og norður skulu dregin um miðlínu eftirfarandi gatna frá vestri til austurs: Eftir Hringbraut (frá Ánanaustum), gömlu Hringbraut, Miklubraut, Ártúnsbrekku og Vesturlandsvegi, en frá Vesturlandsvegi á móts við Sóltorg (ISN93 hnit: 364886, 405744) skal dregin bein lína í miðpunkt Sóltorgs og þaðan skulu mörkin dregin eftir miðlínu Kristnibrautar, Gvendargeisla og Biskupsgötu að Reynisvatnsvegi. Frá gatnamótum Biskupsgötu og Reynisvatnsvegjar skal dregin bein lína að borgarmörkum (ISN93 hnit: 369110, 405535).

Meðfylgjandi eru tveir uppdráttir, merktir fylgiskjal I og fylgiskjal II, sem sýna mörk milli Reykjavíkurkjördæma með blárrí línu.

Þá hefur landskjörstjórn ákveðið með vísan til 2. mgr. 23. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, að þeim sem taka ber á kjörskrá skv. b-lið 1. mgr. 23. gr. sömu laga skuli skipt milli Reykjavíkurkjördæma suður og norður þannig að í Reykjavíkurkjördæmi suður komi allir þeir sem fæddir eru 1.–15. dag mánaðar en í Reykjavíkurkjördæmi norður komi þeir sem fæddir eru 16. dag mánaðar eða síðar. Sama regla gildir um þá sem skráðir eru óstaðsettir í hús í Reykjavík.

Reykjavík, 10. apríl 2007.


Landskjörstjórn,

Hervör Þorvaldsdóttir varaformaður
Gísli Baldur Garðarsson

Sólveig Guðmundsdóttir
Hlöðver Kjartansson

Einar Farestveit.

Fylgiskjal II.



B-deild – Útgáfud.: 13. apríl 2007